

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bláskógabyggð.

1. gr.

Af hundum í Bláskógabyggð skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Bláskógabyggð, nr. 734/2007, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Fyrir veitta undanþágu til hundahalds skal greiða skráningargjald, kr. 10.000 og innifalið í gjaldi þessu er ábyrgðartrygging fyrir viðkomandi hund.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta að lágmarki handsömunargjald kr. 10.000. Beri sveitarfélagið kostnað umfram þess gjalds vegna handsömunar skal sá umframkostnaður innheimtur hjá ábyrgðaraðila hundsins sérstaklega. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

4. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða skráningargjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

5. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

6. gr.

Ábúendur lögbýla, utan þéttbýlismarka sveitarfélagsins, eiga rétt á 50% afslætti af skráningargjaldi samkvæmt 2. gr. gjaldskrárinnar.

7. gr.

Komi eigandi/umráðamaður hunds með staðfestingu fyrir ábyrgðartryggingu hunds, þannig að ábyrgðartrygging af hendi sveitarfélagsins er ekki nýtt, verður veittur 10% afsláttur af skráningargjaldi samkvæmt 2. gr. gjaldskrárinnar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá Bláskógabyggðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Bláskógabyggð nr. 734/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Bláskógabyggð nr. 1003/2007.

Nr. 247

4. mars 2008

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 19. febrúar 2008 og í sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar 4. mars 2008.

Sveitarstjórinn í Bláskógabyggð, 4. mars 2008.

Valtýr Valtýsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2008